

Brautryðjendur í Biblíuþýðingum á Íslandi

Um þátt þeirra Odds Gottskálkssonar og Gissurar Einarssonar¹

Í ár, 2015, fagnar Hið íslenska Biblíufélag 200 ára afmæli sínu og í tilefni af því fór vígslubiskupinn í Skálholti þess á leit við mig að ég segði frá þætti þeirra Odds Gottskálkssonar og Gissurar biskups Einarssonar við að þýða Biblíu hins nýja siðs sem festi rætur á Íslandi um miðja 16. öld. Þá má með sannri kalla brautryðjendur því að enginn hafði áður ráðist í að þýða Biblíuna í heild svo vitað sé þótt varðveittir séu hlutar hennar í fornum handritum. Þáttur Odds var meiri en Gissurar, eins og ég kem að síðar, og við hann er þýðing Nýja testamentisins 1540 kennd, en þáttur Gissurar í útbreiðslu textans var mikilvægari en margir gera sér ef til vill grein fyrir. En hverjir voru þessir menn sem báðir unnu fyrir Ögmund Pálsson Skálholtsbiskup sem ekkert vildi heyra af þeim hræringum sem áttu sér stað úti í Evrópu, einkum í Þýskalandi? Ögmundur var valdamikill, með afar mikil umsvif í stóru biskupsdæmi en var orðinn aldraður og sjónðapur þegar hann fékk til liðs við sig unga og dugandi menntaða menn, án efa til að efla kaþólska kirkju á Íslandi. Meðal þessara ungu manna voru þeir Oddur og Gissur. Báðir höfðu þeir hrifist af hinum nýja sið erlendis og voru reiðubúnir að kynna hann fyrir löndum sínum.

Menn eru ekki á eitt sáttir um fæðingarár Odds. Sumir telja hann fæddan laust fyrir aldamótin 1500,² aðrir heldur síðar. Jón prófessor Helgason leiðir að því líkur að hann hafi fæðst 1514 eða 1515³ og styðst þar meðal annars við ummæli Odds í formála hans fyrir Opinberunarbókinni. Þar kallar Oddur sig ónýtan yngling („því að mér ónýtum ynglingi ber eigi þess konar að straffa“⁴) sem Jón telur að engan veginn geti átt við mann um eða yfir fertugt.

Faðir Odds var Gottskálfur biskup Nikulásson á Hólum, norskur maður með mikinn og öflugan frændgarð í Noregi, bæði veraldlega menn og kirkjulega. Gottskálfur lést 1520 og var Oddur þá sendur utan til Björgvinjar til skyldmenna sinna, aðeins sex ára hafi hann fæðst um 1514 eins og Jón getur sér til og fleiri hafa tekið undir. Móðir Odds var íslensk en ekki ber öllum saman um hver hún var. Gottskálfur átti tvær frillur svo vitað sé, Valgerði Jónsdóttur og Guðrúnu Eiríksdóttur, og hallast fleiri að því að hin síðarnefnda sé móðir Odds.⁵ Ég læt þær vangaveltur liggja milli hluta. Meira máli skiptir hér Oddur sjálfur. Hann var settur til mennta og lauk prófum í Björgvin en hélt þaðan bæði til Danmerkur og Þýskalands

¹ Hér er um að ræða hátíðarfyrrlestur sem fluttur var á Skálholtshátíð 18. júlí 2015. Hann er lítilliga aukinn og heimilda er hér getið.

² Páll Eggert Ólason, *Íslenskar aviskerár 0–5*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1951, bls. 12.

³ Jón Helgason, *Málið á Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*, Safn Fræðafjelagsins 7, Kaupmannahöfn: Fræðafjelaði, 1929, bls. 3–5.

⁴ *Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*, Reykjavík: Lögberg, 1988, bls. [528].

⁵ Páll Eggert Ólason, *Íslenskar aviskerár 0–5*, bls. 12.

til að menntast enn frekar.⁶ Ögmundur biskup átti erindi til Þýskalands 1534 og er giskað á að hann hafi þá hitt Odd og ráðið hann í þjónustu sína.⁷ Í sömu ferð til Íslands mun Gissur einnig hafa verið en hann var að koma frá námi.

Ögmundur fylgdi stíft hinum gamla kaþólska sið og gerðist Oddur ritari hans. Í biskupaannálum Jóns Egilssonar, sem ritaðir voru á fyrri hluta 17. aldar, hefur Jón eftir séra Jóni Bjarnasyni sem aftur hafði söguna eftir Oddi sjálfum hve Oddur hefði verið tvístígandi og hvernig hann hefði sannfærst um að hinn nýi siður væri sá sem hann vildi fylgja. Jón Egilsson skrifaði:

Hann undraðist það mjög með sjálfum sér, að hann kom sér ekki í skilning um þessi trúarskipti, er þeir kölluðu, svo margur vís og hygginn er hneigðist þar til. Hann tók það til ráðs, sagði hann, uppá þrjár nætur, þá allir voru í svefni, að hann fór af sæng sinni í einni saman skyrtu, og bað guð þess, að opna sitt hjarta og auglýsa sér það, hvort sannara væri, þessir siðir ellegar það gamla, og gefa sér þar uppá rétta skilning, með fleirum bænar orðum, hvort sem hann blési sér í brjóst að réttara væri, það sama skyldi hann auka, fram draga og fylgja alla sína daga, svo lengi hann lifði. Að þessum bænum enduðum, og þrimur nóttum umliðnum, þá hafði hann sagt, að svo hefði verið um skipt fyrir sér, það hann hefði með öllu gleymt því gamla, svo sem hann hefði það aldri heyrt, og ekki grand af því vitað, en þar í móti þá hefði þetta allt opið fyrir sér legið. Síðan strax eptir, áður hann sigldi aptur, þá fékk hann sér bækur með þrimur tungumálum: latínu, þýzku og dönsku, og þar með Nýja testamentið.⁸

Veturinn 1536 til 1537 mun Oddur hafa þýtt Mattheusarguðspjall.⁹ Ýmsir hafa borið brígdur á að Oddur hafi í raun þýtt úti í fjósi en best eru því til sönnunar hans eigin orð sem skráð eru í áður nefndum biskupaannálum Jóns Egilssonar eftir Oddi:¹⁰

að Jesús lausnarinn hefði verið lagður í einn asnastall, en nú tæki hann til að útleggja og í móðurmál að snúa hans orði í einu fjósi.

Jón segir enn fremur að Oddur hafi gert sér hjall og látist vera að skrifa biskupa statútur, þ.e. tilskipanir, og gömul kirkjunnar lög og sýndi þeim sem komu í fjósið en faldi þýðinguna. Ögmundur hafði enga ástæðu til að vantreysta Oddi og lét hann meira að segja fá pappír þegar hann varð uppiskroppa.¹¹ Ekki er vitað til að Oddur hafi þýtt meira en þetta eina guðspjall í Skálholti en hann hvarf úr þjónustu Ögmundar og fluttist burt fljótlega eftir 1536. Ekki er ljóst hvert hann fór þá en giskað er á að hann hafi flust til ættingja sinna norður í landi til þess að geta sinnt þýðingunni í friði.¹² Hvenær hann lauk henni er ekki heldur vitað en ætla má að hann hafi siglt til Kaupmannahafnar 1539 til þess að fá hana prentaða. Hann leitaði samþykkis konungs sem aftur lét lærða menn við háskólann í Kaupmannahöfn staðfesta að „Otte Norske“, sem var það nafn sem Oddur fékk erlendis, hefði þýtt réttilega eftir latnesku þýðingunni. Efast má um að þeir hafi kunnað nógu mikið í íslensku til að vera dómbærir á gæði textans. Konungur heimilaði prentunina með bréfi 1539 sem Oddur lét prenta framan við sjálfan biblíutextann.¹³ Þýskur prentari í Hróarskeldu, Hans Barth, sá um prentun bókarinnar, sem lauk 12. apríl 1540, og sama ár sigldi Oddur með upplagið til Íslands. Prentuninni var um margt ábótavant þar sem prentarinn kunni ekki íslensku og erfitt hefur verið fyrir Odd að lesa allt yfir. Af orðum konungs má

⁶ Sigurbjörn Einarsson, „Oddur Gottskálksson“, *Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*, ritstj. Sigurbjörn Einarsson, Guðrún Kvaran, Gunnlaugur Ingólfsson, Jón Aðalsteinn Jónsson, Reykjavík: Lögberg, 1988, bls. VII–XX, hér bls. XII.

⁷ Sama rit, bls. XIII.

⁸ Jón Egilsson, „Biskupa-annálar Jóns Egilssonar með formála, athugasgreinum og fylgiskjölum eptir Jón Sigurðsson“, *Safn til sögu Íslands og íslenzkera bókmenta að fornu og nýju* 1, Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1856, bls.15–136, hér bls. 76–77.

⁹ Sigurbjörn Einarsson, „Oddur Gottskálksson“, bls. XVI.

¹⁰ Jón Egilsson, „Biskupa-annálar Jóns Egilssonar“, bls. 77.

¹¹ Sama rit, bls. 77.

¹² Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi* 2, Reykjavík: Bókaverzlun Guðm. Gamalielssonar, 1922, bls. 299.

¹³ *Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*, bls. [3].

ráða að Oddur hafi fengið einhvern styrk til útgáfunnar en mestan hluta kostnaðarins hefur hann greitt sjálfur.

En nú er rétt að snúa sér að Gissuri Einarssyni um stund. Foreldrar hans voru Einar Sigvaldason bóndi á Hrauni í Landbroti og Gunnhildur Jónsdóttir. Hann var bókelskur og var sendur til náms í Skálholt til Ögmundar biskups og síðar til Hamborgar til frekari menntunar. Frá námi kom hann 1534, eins og áður var nefnt, réðst í þjónustu biskups og tók prestvígslu 1538. Ögmundur valdi hann sem eftirmann sinn 1539 og konungur staðfesti það 15. mars 1540. Gissur tók upp hinn nýja sið og verður að líta svo á að hann hafi farið á bak við Ögmund og ekki komið fram af heilindum. Hann vildi hafa sömu völd og áhrif á biskupsstólnum og forveri hans, ef marka má orð Páls Eggerts Ólasonar í *Íslenskum æviskrám*.¹⁴

Var manna hyggnastrur, og þótt hann væri fyrstur byskup á Íslandi í lútherskum sið og tæki við kirkjuskipan Kristjáns þriðja, fekk hann beitt svo fortölum við konung, að hann hélt valdi sínu sem byskup væri í kaþólskum sið, og fekk talið konung á að heita sumum klaustraeignum til skólalhalds.

Ég hygg að Páll Eggert taki of djúpt í árinna þegar hann nefnir aðkomu hans að þýðingu Nýja testamentisins.¹⁵

Hefir þýtt nokkur rit Nýja testamentis, og voru þau að nokkru tekin upp í Nýja testamenti Odds Gottskálks-sonar.

Þeir Oddur og Gissur skrifuðust á eftir að Oddur fór úr Skálholti. Til er bréf frá Gissuri til Odds dagsett 2. febrúar 1538, sem prentað er í *Íslensku fornbréfasafni*, og er það á latínu. Þar skrifar Gissur:¹⁶

Hymnus divæ virginis Magnificat in materna lingua prout postulasti in calce epistolæ continetur.

Þ.e. hann segist senda lofsöng hinnar göfugu meyjar á móðurmálinu eins og um hafi verið beðið í lok bréfsins. Átt er við bréf Odds til Gissurar sem virðist glatað. Af því má ráða að Gissur hafi þýtt vers 47 til 55 í 1. kafla Lúkasarguðspjalls fyrir Odd, þ.e. lofgjörð Maríu. Hvergi hef ég fundið annað sem eigna má Gissuri með vissu í Nýja testamentinu en auðvitað er ekki útilokað að hann hafi þýtt meira eða lesið yfir þótt öruggar heimildir um það hafi ekki komið fram. Jónas Gíslason gaf sér að mínu mati heldur mikið þegar hann skrifaði:¹⁷

þá má ljóst vera, að fleira hefur hann þýtt eða yfirlesið af þýðingu Odds; samvinna þeirra hefur verið nán.

Hitt er víst að hann þýddi tvær af apókrýfu bókum Gamla testamentisins, líklega Jobsbók og einhverjar bækur aðrar. Hann þýddi með vissu *Orðskviði Salómons* sem Guðbrandur lét prenta sérstaklega 1580 þótt nafn Gissurar komi ekki fram.¹⁸ Þess er hins vegar getið í afriti þýðingarinnar og þar sagt að Gissur hafi lokið henni 1546.¹⁹ Guðbrandur lét einnig prenta

¹⁴ Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár f–í*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1951, bls. 86.

¹⁵ Sama rit, bls. 86–87.

¹⁶ *Diplomatarium Islandicum: Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að balda bréf og gjörminga, dóma og máldaga, og aðrar skrár er snerta Ísland eða íslenska menn* 10, Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag, 1911–21, bls. 341. Sjá einnig: Jónas Gíslason, „... í einu fjósi ...“: Um Odd Gottskálksson og ævistarf hans“. *Saga og kirkja: Afmálsrit Magnúsar Mús Lárussonar*, Reykjavík: Sögufélag, 1988, bls. 119–128, hér bls. 124.

¹⁷ Jónas Gíslason, „... í einu fjósi ...“, bls. 124.

¹⁸ Halldór Hermannsson, *Icelandic Books of the Sixteenth Century*, Ithaca, N.Y., 1916, bls. 25. Færslan er: Salomonis Ordzkuider a Norrænu. Pryckt a Holum i Hialltadal af Jone Jonssyne. Anno 1580. Halldór skrifaði: „This translation is by Bp. Gizur Einarsson, although his name is mentioned nowhere in the book.“

¹⁹ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi*, bls. 559.

sérstaklega *Síra*s**sbóke sama ár²⁰ og nefnir Gissur ekki heldur þar sem þýðanda en sama er að í afriti er nafn Gissurar skráð og ártalið 1545.²¹**

Um *Jobsbó*ke er það að segja að þýðingin er varðveitt, eins og reyndar hinar þýðingar Gissurar, í handritinu AM 617 4to. Guðbrandur tók hana upp í Biblíu sína 1584.²²

Rétt er að nefna, þótt það komi ekki biblíuþýðingu við, að Gissur þýddi kirkjuordinansíu Kristjáns konungs þriðja 1541 og er hún prentuð í Íslenzku fornbréfasafni.²³

Vitað er að Oddur þýddi líka bækur úr Gamla testamentinu sem Guðbrandur Þorláksson tók upp í Biblíu sína 1584. Um það vitna orð Guðbrands sjálfs í formála þýðingar hans, Summaria yfer það Gamla testamentid, eftir Dietrich Veit sem hann lét prenta á Núpufelli 1591. Þar stendur:²⁴

Nouum Testamentum og nockrar adrar fleiri bækur hins Gamla testamentis / sem vt hefr lagt Oddr heitin// Gottskálksson godrar minningar / þa meiga riettvijser menn vita / ad eg munda ei mier þetta eigna vilia. Enn þo eg hafi epter Konglig Magestatis skipan ok epter þui sem Gud gaf mier vit til / þær Bækur yfirlesid og i sumum stöðum emenderad.²⁵

Hann nefnir hér aðeins Odd en samanburður Christians Westergård-Nielsen á báðum bókunum sem Gissur þýddi og Guðbrandur Þorláksson lét prenta sérstaklega, við samsvarandi texta í Biblíunni frá 1584, hefur sýnt að Guðbrandur tók þær nær orðréttar upp í Biblíu sína.²⁶ Jón Egilsson nefnir aðeins í biskupaánnálum sínum að Oddur hafi þýtt „Davíðs saltara“²⁷ en ýmsar getgátur hafa komið fram um að hann hafi komið að fleiri bókum Gamla testamentisins án þess að nákvæmlega sé vitað hverjar þær eru, samanber orð Guðbrands Þorlákssonar hér framar. Páll Eggert Ólason gerir því skóna að Oddur hafi þýtt Spámannabækurnar og Makkabeabækurnar en ekki Gísli Jónsson biskup og rökstyður það á nokkuð sannfærandi hátt.²⁸ Talið er að þeir félagar hafi hugsað sér að þýða alla Biblíuna en hvergi hefur stafur fundist fyrir því það best ég veit. Páll Eggert Ólason sló því fram sem hugmynd að þeir Oddur og Gissur hafi skipt Gamla testamentinu með sér og í hlut Odds hafi einkum fallið fyrri hlutinn.²⁹ Hvorugur þeirra féлага varð langlífur. Gissur lést á sóttarsæng 1548 og Oddur drukknaði í Laxá í Kjós 1556. Báðir voru störfum hlaðnir, Oddur varð lögmaður norðan og vestan 1552, og sjálfsagt minni tími hjá báðum til skrifta og þýðinga síðustu æviárin en þeir hefðu kosið þótt þeir hafi komið ótrúlega miklu í verk.

²⁰ Halldór Hermannsson, *Icelandic Books of the Sixteenth Century*, bls. 25–26. Færslan er: Jesus Syrach, a Norrænu. Þryckt a Holum i Hialltadal af Jone Jonssyne. Anno 1580. Halldór skrifaði á bls. 26: „This translation, although that is nowhere stated in the book, is doubtless by Bp. Gizur Einarsson, peraps [sic] with slight alterations by Bp. Guðbrandur.“

²¹ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir síðskiptaaldarinnar á Íslandi*, bls. 562.

²² Sama rit, bls. 562.

²³ Gissur Einarsson, „Kirkjuordinanzía Kristjáns konungs hins III. í íslenzkri þýðingu frá 1541 eptir Gizur biskup Einarsson“, *Diplomatarium Islandicum: Íslenzket fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörminga, dóma og máldaga, og adrar skrár er snerta Ísland eða íslenzka menn* 11, Reykjavík: Hið íslenzka bókmentafélag, 1915–1925, bls. 117–328. Sjá einnig Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi eftir síðbót. Handbók Marteins Einarssonar 1555, Handritið Ny kgl. Saml. 138 4to, Graduale 1594*, Reykjavík: Háskóli Íslands, Háskólaútgáfan, 1992, bls. 12.

²⁴ Veit, Dietrich, *Summaria Yfer það Gamla Testamentid. Þad er / Innehalld og meining sierbuers Capitula / Og buad Madur skal af sierbuerium Capitula helst lera*. Vtlagt a Íslensku af Gudbrande Thorlaks syne. Þryckt a Nupufelle af Ione Ionssyne Þann XI. Dag Ianuarij. 1591, bls. [6].

²⁵ Í því riti sem vitnað er til eru notuð bönd eins og í handritum. Hér er leyst úr böndum með því að nota skáletur eins og vel er þekkt.

²⁶ Westergård-Nielsen, Christian, *To bibelske visdomsbøger og deres islandske overlevering*, Bibliotheca Arnamagnæana 16, Kaupmannahöfn: Ejnar Munksgaard, 1957, bls. 379.

²⁷ Jón Egilsson, *Safn til sögu Íslands og íslenzkera bókmenta að fornu og nýju*, bls. 77.

²⁸ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir síðskiptaaldarinnar á Íslandi*, bls. 565–567.

²⁹ Sama rit, bls. 567.

Gissur biskup studdi Odd dyggilega við útbreiðslu Nýja testamentisins. Ýmislegt má finna sem sannar þessa staðhæfingu. Bréfabækur Gissurar eru varðveittar og í minnisgreinum við undirbúning prestastefnu 1542 hefur Gissur til dæmis skráð:³⁰

ad minnast frammi ad hafa j prestastefnvnni.

þad prestar utuegi sier þessi noua testamta og dagliga j þeim lesi j stadinn skylldutidanna sem kalladar hafa uerid.

Oddur lét ekki við það sitja að þýða Nýja testamentið. Hann gerði sér grein fyrir því að trúfræðsla almennings þyrfti stuðnings við. Prestar landsins voru illa að sér í kenningum Lúthers og áttu í erfiðleikum með að semja ræður enda óvanir því að standa í predikunarstól og tala yfir kirkjugestum. Oddur réðst því í að þýða predikanasafn sem tók til allra helgidaga ársins með það í huga að prestar gætu lesið upp úr því ef þeir treystu sér ekki til að semja ræðu sjálfir. Fyrir valinu varð predikanasafn eftir Antonius Corvinus (1501–1553) sem var vinsælasta rit allra predikana í lúterskum sið á 16. öld og þýtt á ýmis tungumál. Hann mun hafa lokið útlekkingum á sunnudagspredikunum árið um kring með styrk og ráðum Gissurar 1545. Oddur hélt þá til Rostock og lét prenta predikanirnar þar í tveimur bindum og var prentun lokið í apríl 1546.³¹ Frá 4. júní sama ár er til bréf Gissurar biskups til officialis-presta „að klerkdómurinn kaupir þær prentaðar postillur, sem Oddr Gottskalksson hefir út með sér flutt“.³² Ári síðar, 7. apríl, sendir Gissur áminningarbréf til presta um að þeir kaupir „sermonabækur“ Odds og Nýja testamentið og prediki út af þeim:³³

suo ad hiord drottins missi ecki þeirrar gæzlu og fæzlu sem henni er mest þorf og hialp j. elligar mun drottinn krefia þeirra manna salir af uorri hendi sem fortapazt fyrir uora gleymsku og forsoman ef ad uier segium þeim ecki ne synum sannan saluhialparueg med gudz ordum.

Eitt bindi predikana Corvinusar þýddi Gissur sjálfur en það komst aldrei á prent. Hann tekur fram í lista yfir bækur sem hann tók með sér í biskupsvígsluna 1542 að þar sé sú predikun Corvinusar sem hann hafi þýtt („Item postillam coruini de sanctis quam ego transtuli“) en getur þess ekki hvaða bindi er um að ræða.³⁴ Vitað er að það var þriðja bindið. Oddur þýddi fjórða bindið, sem í voru pínungarpredikanir, og var það gefið út að honum látnum 1559.³⁵ Síðustu bindin mun Oddur einnig hafa þýtt eða að minnsta kosti hluta þeirra. Jón Egilsson nefnir í margnefndum biskupaánnálum „pistlabókina Corvini“ sem aldrei hafi verið prentuð.³⁶ Víst er að Oddur hafði mikinn hug á að koma öllum predikunum út en skorti til þess fé. Hann skrifaði í formála fjórða bindis:³⁷

³⁰ Gissur Einarsson, „Minnisgreinar Gizurar biskups um mál á (Miðdals)prestastefnu, og annað fleira“, *Diplomatarium Islandicum: Íslenzket fornbréfasafn sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár er snerta Ísland eða íslenzka menn*, bls. 134.

³¹ Halldór Hermannsson, *Books of the Sixteenth Century*, bls. 4. Færslan er: *Postilla*. Stuttar vtskyringar þeirra Gudzspialla sem a ollum Sunnudogum, kringvm arit predikut verda. Samansettar fyre fataka soknar Presta og husbuendur, af virdiligum manne, D. Antonio Coruino. Enn a norrænu vtlagdar af mier Odde Gotzskalkzsyne. Prentadar i Raudstock af Ludowick Dietz. M.D.XLVI.

³² Gissur Einarsson, *Diplomatarium Islandicum: Íslenzket fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár er snerta Ísland eða íslenzka menn*, bls. 466–467, hér 466.

³³ Sama rit, „Gizur biskup skipar prestum að kaupa sermonabækur Odds Gottskalkssonar, svo og nýja testamenti og prédika út af þeim, með öðru fleira, er bréfið hermir“, bls. 540–541, hér bls. 540.

³⁴ Sama rit, „Skrá um bækur þær, er Gizur biskup hafði með sér af Íslandi, og aðrar, er hann við jók erlendis“, bls. 190–192, hér bls. 191.

³⁵ Halldór Hermannsson, *Icelandic Books of the Sixteenth Century*, bls. 14. Færslan er: *PASSIO, DAT ER PINING VORS HERRA JESV CHRISTI, j sex Predikaner vt skipt af Antonio Coruino*. Halldór skrifaði á bls. 15: „The translation is generally ascribed, doubtless correctly, to Oddur Gottskalksson.“

³⁶ Jón Egilsson, „Biskupa-ánnal Jóns Egilssonar“, bls. 77.

³⁷ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi*, bls. 574.

Gjarna skyldi eg, kærir bræður, hafa látið prenta yður til góða fleiri fræðibækur heilagrar ritningar, sem eru útlekkingar yfir sunnudagapíslana og evangelia de sanctis kringum árið, ef að hefði svo efni á peningum haft.

Allar óútgefnu þýðingarnar eru nú glataðar.

Oddur þýddi einnig *Píningarsögu Krists* 1545 þegar hann bjó á Reykjum í Ölfusi. Það rit skrifaði Jóhannes Bugenhagen, einn helstu samverkamanna Lúthers. Það var Gísli Jónsson sem tók hana með sér í biskupsvígsluför sína 1558 og lét prenta.³⁸

Rétt er að nefna að Oddur þýddi ritið *Catechismus þat er bækingur Christiligs Lærdóms fyre börn og Ungmenni* sem kenndur er við Justus Jonas, mikinn lærdómsmann í lögfræði og guðfræði og einn nánasta samstarfsmann Lúthers. Þýðing Odds var prentuð 1562 en ekki er kunnugt um eitt einasta eintak af henni nú.³⁹ Stefán Karlsson handritafræðingur skrifaði ítarlega grein um þetta rit og þýðingu Odds.⁴⁰

Af því sem nú hefur verið sagt er ljóst að Oddur og Gissur áttu ríkan þátt í siðskiptunum um miðja 16. öld og fræðslu presta og almennings, Oddur með þýðingum sínum og Gissur með þýðingum og hvatningu til kaupa og notkunar hinna nýju trúarrita.

Oddur hefur verið ótrúlega eljusamur á tiltölulega fáum árum. Þekktast verka hans er að sjálfsögðu Nýja testamentið sem jafnan er kennt við hann og mikil áhrif hafði á eflingu íslenskrar tungu og varðveislu hennar. Jón Helgason prófessor í Kaupmannahöfn, sem best allra hefur athugað málið á Nýja testamentisþýðingu Odds, telur að hann hafi fyrst og fremst nýtt sér útgáfu á Nýja testamentinu, sennilega útgáfu frá 1530, og lágbýska útgáfu frá svipuðum tíma.⁴¹ Hann notaði einnig latneskan texta, sem jafnan er nefndur Vúlgata, og þýðingu Erasmusar frá Rotterdam á latínu sem gefin var út 1516. Lúther skrifaði formála fyrir öllum bókum Biblíunnar og Oddur tók þá upp alla nema þann fyrir Opinberunarbókinni þar sem honum þótti hann „næsta harðlega hljóða upp á þann, eð þeir kalla veraldlegan páfadóm og fúlan fédrátt“⁴² eins og hann komst að orði og hann skrifaði eigin formála. Guðbrandur þýddi síðar formála Lúthers og felldi Odds formála niður.

Eins og áður er komið fram tók Guðbrandur Þorláksson texta Odds upp í Biblíu sína 1584 og lagfærði að eigin sögn. Við Stefán Karlsson unnum við það með hléum í nokkur ár að bera rækilega saman texta Odds og Nýja testamentið í Guðbrandsbiblíu meðal annars með það í huga að leita að öðrum þýðendum en Oddi en fundum ekkert sem benti til þess að hann hefði haft hjálparmann. Ekki er að sjá að Guðbrandur hafi nokkurs staðar þýtt að nýju heilan kafla en hann lagfærði, bætti inn þar sem fallið hafði niður í þýðingu Odds og skipti um orð. Fyrirmynd hans var dönsk Biblía frá 1550.⁴³ Hann breytti oft um tíð og lagfærði orðaskipan þar sem honum hefur þótt erlendra áhrifa gæta um of. En erlendra áhrifa gætir hjá Guðbrandi sjálfum sem ekki er undarlegt vegna þess máls sem menntamenn notuðu á 16. öld og lengur. Gamla texta þarf að lesa með augum samtíma þeirra, ekki samtíma okkar. Hvað sem segja má um norsk áhrif sums staðar, þýsk áhrif annars staðar,

³⁸ Halldór Hermannsson, *Icelandic Books of the Sixteenth Century*, bls. 11. Færslan er: Historia Pinunnar og vpprisu Drottins vors Jesu Christi vt af fíorum Gudzspialla monnuni [!] af D: Johanni Bugenhagen Pamerano [!] at nyiu med athyle [!] tiil samans lesin ... Enn a norrænu nu vtlaugd afmíer Odde Gotzskalkzsyne, Arum epter Gudz burd. 1545.

³⁹ Halldór Hermannsson, *Icelandic Books of the Sixteenth Century*, bls. 15. Færslan er: Catechismus þat er bækingur Christiligs Lærdóms fyre börn og Ungmenni i Kirkiusofnudunum epter Christiligum setninge sem nu tidkast i Christendinum a Latíno samsettr og saman skrifadr af Justus Jonas enn a Norrænu utskrifadur af Odde Gottzskalkzsyne.

⁴⁰ Stefán Karlsson, „Brot úr barnaprédikunum í þýðingu Odds Gottskálkssonar“, *Árbók Landsbókasafns*, Reykjavík, 1991, bls. 43–72.

⁴¹ Jón Helgason, *Málið á Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*, bls. 177–180.

⁴² *Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*, bls. [528].

⁴³ Bandle, Oskar, *Die Sprache der Guðbrandsbiblíu*, Bibliotheca Arnarnagana 17, Höfn: Ejnar Munksgaard, 1956, bls. 11.

einkum á setningagerð, er óhætt að fullyrða að Nýja testamenti Odds, og síðar Guðbrandsbiblía öll, á mikinn þátt í að íslensk tunga varðveittist. Sumt úr biblumálinu var vissulega eldra en þeir Oddur og Guðbrandur báðir og nýttu þeir sér að sjálfsögðu þann orðaforða en heilu kaflarnir úr Nýja testamenti Odds hafa lifað nær óbreyttir fram á okkar daga. Íslensk tunga á þeim félögum, Oddi og Gissuri, mikið að þakka, í raun meira en menn ef til vill gera sér grein fyrir, að öðrum ólöstuðum.